

Nd.

229. Frumvarp til laga

[117. mál]

um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl.

(Lagt fyrir Alþingi á 71. löggjafarþingi, 1951.)

1. gr.

Auk skatta þeirra, sem í 6. gr. laga nr. 6 1935, sbr. 1. gr. laga nr. 20 1942, og í lögum nr. 21 1942 getur, skal árið 1952 leggja á tekjur ársins 1951 skattaauka samkvæmt eftirfarandi reglum:

Af skattskyldum tekjum lægri en 8000 kr. greiðist enginn skattauki.	
Af skattskyldum tekjum yfir 8000 kr., en undir 9000 kr., greiðast 2%.	
Af 9—10 þús. kr. greiðist	20 kr. af 9 þús. kr. og 4 % af afgangi.
— 10—12 — — —	60 — — 10 — — — 5 — — —
— 12—14 — — —	160 — — 12 — — — 6 — — —
— 14—17 — — —	280 — — 14 — — — 7 — — —
— 17—20 — — —	490 — — 17 — — — 8 — — —
— 20—25 — — —	730 — — 20 — — — 9 — — —
— 25—30 — — —	1180 — — 25 — — — 10 — — —
— 30—40 — — —	1680 — — 30 — — — 11 — — —
— 40—100 — — —	2780 — — 40 — — — 12 — — —
— 100—125 — — —	9980 — — 100 — — — 10 — — —
— 125—150 — — —	12480 — — 125 — — — 7 — — —
— 150—200 — — —	14230 — — 150 — — — 5 — — —
— 200 — — —	16730 — — 200 — — —

2. gr.

Um álagningu, gjalddaga, lögtaksrétt, viðurlög og innheimtu þessa skatts fer að lögum um tekjuskatt og eignarskatt (sbr. lög nr. 20 20. maí 1942, 14. gr. a.).

3. gr.

Ákvæði laga nr. 60 25. maí 1950, um sérstaka lækkun tekjuskatts af lágtekjum skulu gilda til ársloka 1952.

4. gr.

Tekjuskatt og tekjuskattsviðauka 1952 skal umreikna svo sem verið hefur samkvæmt ákvæðum a-liðs 14. gr. laga nr. 20 1942, og skal miðað við umreikningstölu 406.

5. gr.

Nú er skattur samkvæmt lögum þessum, tekju- og eignarskattur og stríðsgróðaskattur, eigi greiddur fyrir næstu áramót eftir að hann var á lagður, og skal þá greiða 1% dráttarvexti fyrir hvern mánuð eða brot úr mánuði, sem greiðsla dregst frá þeim áramótum.

6. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Frumvarp þetta er samhljóða lögum, sem nú eru í gildi um tekjuskattsviðauka, lækkun skatts af lágtekjum o. fl., að öðru leyti en því, að það nær til ársins 1952, og umreikningstala tekjuskatts er sett 406 í stað 340 og er það í samræmi við breytingar þær, sem orðið hafa síðan í fyrra.